

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2003

frá 7. nóvember 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2003 frá 26. september 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2003 frá 15. janúar 2003 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32003 R 0061:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2003 frá 15. janúar 2003 (Stjtíð. EB L 11, 16.1.2003, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 61/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. nóvember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 11, 16.1.2003, bls. 12.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann